



Stofnun	ATH	megin inntak	Viðbrögð
Reykjanes Geopark		taka tillit til þess að umrætt svæði er einnig fjölsótt svæði af ferðamönnum og að svæðið sé Hnatrænn UNESCO jarðvangur og sé einstakur á heimsvísu. Gerð aðal- og deiliskipulaga á þessu svæði þurfi að taka mið af því að ásýnd slíkra framkvæmda og mannvirkja hafi ekki áhrif á heildarupplifun gesta á Reykjanesi.	Tekið verið tillit til umsagnar við frekari vinnu tillögunnar
Minjastofnun Íslands			
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja		Gerir ekki athugasemd	
Umhverfisstofnun		mikilvægi þess að fjallað sé um affalsvatnið í tillögunni. hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. tekur fram að næringargildi efnisins sem fellur til við fiskeldi er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hvernig fráveitumálum verði háttað	Tekið verið tillit til umsagnar við frekari vinnu tillögunnar
Skipulagsstofnun			
Grindavíkurbær			
Orkustofnun			
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja			
Vegagerðin			
Landsnet			
Veðurstofa Íslands			
Veðurstofa Íslands			
Náttúrufræðistofnun Íslands		Svæðið hefur hátt verndargildi á heimsvísu	Tekið verið tillit til umsagnar við frekari vinnu tillögunnar
HS Orka			
Reykjanesbær		Gerir ekki athugasemd	



Reykjanesbær

Umhverfissvið

Tjarnargata 12, 230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 27. september 2021

Umsögn Reykjanes jarðvangs vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, dags. 10. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Reykjanes Geopark um *Breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi*.

Á 62. fundi stjórnar Reykjanes Geopark dags. 24. september 2021 var málið sem vísað er til hér tekið til umfjöllunar.

Stjórn Reykjanes Geopark telur að við breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi þurfi að taka tillit til stefnu og hlutverks Reykjanes UNESCO Global Geopark sem er eftirfarandi:

Jarðvangurinn er samstarfsvettvangur sem byggir á því að nýta sérstöðu svæðisins, þ.e. merkilega jarðfræðiarfleifð og einstaka jarðsögu, til verðmætasköpunar. Í tilfelli Reykjanes jarðvangs er það Atlantshafshryggurinn sem gengur á land á Reykjanesi, flekaskilin og afleiðingar þeirra, sem gerir Reykjanes að einstöku svæði á heimsvísu.

Lögð er áhersla á að koma sérstöðunni á framfæri með það að markmiði að upplýsa gesti og íbúa um jarðfræðiarfleifðina ásamt sögu og menningu svæðisins. Um leið er reynt að vekja samfélagið til umhugsunar um þau tækifæri sem felast í nærumhverfinu til að styrkja stoðir fjölbreyttrar atvinnustarfsemi, s.s. ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu o.fl.

Þá þurfi einnig að taka tillit til þess að umrætt svæði er einnig fjölsótt svæði af ferðamönnum og að svæðið sé Hnattrænn UNESCO jarðvangur og sé einstakur á heimsvísu. Gerð aðal- og deiliskipulaga á þessu svæði þurfi að taka mið af því að ásýnd slíkra framkvæmda og mannvirkja hafi ekki áhrif á heildarupplifun gesta á Reykjanesi. Mikilvægt er að hugað verði að umhverfinu og ásýnd svæðisins svo að samlegð og samnýting landsvæðis undir atvinnustarfsemi og ferðamannasvæði verða eins og best verður á kosið.

Stjórn Reykjanes Geopark leggur til að þessu verði komið að í forsendum deiliskipulagsins og framtíðaruppbyggingu á svæðinu, og jafnframt að umhverfismat taki mið af þessu.

Daníel Einarsson

Verkefnastjóri Reykjanes UNESCO Global Geopark



From: Gunnar Kristinn Ottósson <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>

Sent: föstudagur, 10. september 2021 14:35

To: Skipulag USK <skipulag@reykjanesbaer.is>

Subject: Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi ósk um umsögn

Góðan dag

Óskað er umsagnar vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýju deiliskipulagi vegna fiskeldis á Reykjanesi

Kynnt er Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030 – breyting. Deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi. Stækkun iðnaðarsvæðis I5a – fiskeldi. Skipulags- og matslýsing.

Áform eru um uppbyggingu nýrrar fiskeldisstöðvar á svæðinu vestan við Reykjanesvirkjun í Auðlindagarði HS Orku, sem nýtt getur affallsstrauma orkuversins og hagstæðar aðstæður innan Auðlindagarðsins, nánar tiltekið aðgengi að rafmagni, jarðhita og ylsjó

sem rennur nú að hluta ónýttur til sjávar.

Umfang fyrirhugaðs fiskeldisins eru áætlað allt að 40.000 tonna framleiðsla á ári og að landþörf starfseminnar sé um 20 ha. Áætlað byggingarmagn er um 21.000 m² fyrir fiskeldisstöð auk fiskeldiskerja. Um er að ræða framkvæmdir sem falla undir lög um mat á

umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umsagnarfrestur er til 27. september

Skriflegar athugasemdir berist skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ. Að öðrum kosti má senda athugasemdir með tölvupósti á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is Nánari upplýsingar um málið eru veittar á skrifstofu skipulagsfulltrúa Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ.

Hlekkur:

https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skiplagsrad/2021/275/10.-gardur-fiskeldi_lysing_210830.pdf

Kveðja

Gunnar Kr Ottosson arkitekt

Skiplagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ

Netfang / e-mail gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is

Sími /telephone +354 421 6700

Veffang reykjanesbaer.is

Gunnar Kristinn Ottósson

From: J.Trausti Jónsson <trausti@hes.is>
Sent: föstudagur, 24. september 2021 13:57
To: Gunnar Kristinn Ottósson
Subject: RE: Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi ósk um umsögn
Attachments: HES-umsögn-skipulags- og matslýsing um deiliskipulag fiskeldis á Reykjanesi.pdf

Sæll Gunnar

Meðfylgjandi er umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á skipulags- og matslýsingu vegna breytingu á aðal- og deiliskipulagi fiskeldis á Reykjanesi.

Umsögnin verður póstlögð sé þess óskað.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa tölvupósts.

Með kveðju / Kind regards,
J. Trausti Jónsson



www.hes.is

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja / Sudurnes Public Health Authority
Skógarbraut 945 / IS-262 Reykjanesbæ ICELAND
Sími/Tel: + 354 420 3288

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur til hes@hes.is að þau hafi ranglega borist þér.

From: Gunnar Kristinn Ottósson <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>
Sent: 10 September 2021 14:35
To: Skipulag USK <skipulag@reykjanesbaer.is>
Subject: Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi ósk um umsögn

Góðan dag

Óskað er umsagnar vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýju deiliskipulagi vegna fiskeldis á Reykjanesi

Kynnt er Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030 – breyting. Deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi. Stækkun iðnaðarsvæðis I5a – fiskeldi. Skipulags- og matslýsing.

Áform eru um uppbyggingu nýrrar fiskeldisstöðvar á svæðinu vestan við Reykjanesvirkjun í Auðlindagarði HS Orku, sem nýtt getur affallsstrauma orkuversins og hagstæðar aðstæður innan Auðlindagarðsins, nánar tiltekið aðgengi að rafmagni, jarðhita og ylsjó sem rennur nú að hluta ónýttur til sjávar.

Umfang fyrirhugaðs fiskeldisins eru áætlað allt að 40.000 tonna framleiðsla á ári og að landþörf starfseminnar sé um 20 ha. Áætlað byggingarmagn er um 21.000 m² fyrir fiskeldisstöð auk fiskeldiskerja. Um er að ræða framkvæmdir sem falla undir lög um mat á

umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umsagnarfrestur er til 27. september

Skriflegar athugasemdir berist skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ. Að öðrum kosti má senda athugasemdir með tölvupósti á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is Nánari upplýsingar um málið eru veittar á skrifstofu skipulagsfulltrúa Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ.

Hlekkur: https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2021/275/10.-gardur-fiskeldi_lysing_210830.pdf

Kveðja

Gunnar Kr Ottosson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ
Netfang / e-mail gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is
Sími /telephone +354 421 6700
Veffang reykjanesbaer.is



REYKJANESBÆR

reykjanesbaer.is

Reykjanesbær
Gunnar Kr Ottosson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 27. september 2021
UST202109-135/A.B.
10.04.01

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 og nýtt deiliskipulag – Stækkun iðnaðarsvæðis I5a fyrir fiskeldi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbærjar er barst 14. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 – 2030 og á nýju deiliskipulagi vegna fiskeldis á iðnaðarsvæði I5a.

Í erindinu kemur fram að breytingin gengur út á að stækka iðnaðarsvæði I5a og minnkar óbyggt svæði að því nemur, en áform eru um uppbyggingu nýrrar fiskeldisstöðvar á svæðinu vestan við Reykjanesvirkjun í Auðlindagarði HS Orku. Auk þess segir að umfang fyrirhugaðs fiskeldis sé áætlað allt að 40.000 tonna framleiðsla á ári og að landþörf starfseminnar sé um 20 ha. Áætlað byggingarmagn er um 21.000 m² fyrir fiskeldisstöð auk fiskeldiskerja.

Affall og ylsjór

Í lýsingu kemur fram að nýta á affallsstrauma orkuversins í starfsemi fiskeldisins. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fram kemur í tilkynningarskýrslu um *Nýtt sjóvinnslusvæði við Reykjanesvirkjun* að affallsvatn sé vaktað m.t.t. þekktra mengunarþátta og hefur styrkur blýs, króms, nikkels, kopars, sinks og kadmíums mælst innan marka sem tilgreind eru í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns svo lítil, mjög lítið eða engin hættu sé á áhrifum, en arsen hefur mælst innan umhverfismarkka III sem gefur til kynna að áhrifa megi vænta á viðkvæmt lífríki skv. reglugerðinni. Auk þess kemur fram að mælst hefur uppsöfnun á blýi og sinki í þangi sem er næst affalli virkjunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um affallsvatnið í tillögunni sem nýta á í fiskeldið og hver áhrif þess sé á fyrirhugaða starfsemi og á lífríki næst affallinu.

Hraun

Í leiðarljósi svæðisskipulags Suðurnesja 2008–2024 kemur fram að helstu náttúruauðlindir Suðurnesja eru einstakar jarðmyndanir sem séu á heimsmælikvarða og ber að vernda.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í lýsingunni kemur fram að landþörf starfseminnar sé um 20 ha. Að mati Umhverfisstofnunar gæti framkvæmdin haft umtalsverð óafturkræf áhrif á hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlunin sé í samræmi við ákvæði laganna og við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Úrgangsmál

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins sem fellur til við fiskeldi er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar¹ til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun.

Auk þess bendir stofnunin á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.² Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis í úrgangsmálum á Íslandi er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs, *Í átt að hringrásarhagkerfi* sem kom út í júní 2021. Sú stefna, *Í átt að hringrásarhagkerfi*, kemur í stað *Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024*, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um magn úrgangs og meðhöndlun hans í tillögunni.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Auk þess segir í gr. 9.2 segir að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hvernig fráveitumálum verði háttað, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

¹ https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%20c3%20b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

² <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Stefna%20um%20me%20C3%B0h%20C3%B6ndlun%20C3%BArgangs%202021-2032%20090621.pdf>

Þessu tengt minnir stofnunin á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa og því mikilvægt að fjallað sé um í áætlunni um magn og meðhöndlun úrgangs frá síum hreinsikerfisins.

Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir, að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Umhverfisstofnun vill benda á að í umhverfispætti 2.2 *Losun gróðurhúsalofttegunda* væri æskilegt að loftslagsstefna sveitarfélagsins væri höfð til viðmiðunar við gerð áætlunnarinnar.

Grunnvatn

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Ætla má að rekstraraðili mun dæla upp jarðsjó sem er undir grunnvatnslínu sem hefur vatnshlotanúmerið 104-263-G og nefnist það Reykjanes. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vökun. Umhverfisstofnun bendir á að hugsanlegt er að sjótaka geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu, en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur á grunnvatnshlot.

Umhverfisstofnun bendir á að vatnshlotið sem er hér til umfjöllunar er nú þegar undir álagi vegna vatnstöku. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á skýrslu³ sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun af Veðurstofu Íslands um grunnvatnshlot sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum og er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar [vatn.is](http://www.vatn.is). Þar kemur m.a. fram að mjög mikil vatnstaka sé úr vatnshlotinu sem geti valdið álagi á vatnshlotið (tafla 4. bls 10).

Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi. Stofnunin minnir á að sjótaka er leyfis skyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunnar (OS) skv. 6. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort sjótaka hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við

³ http://vatn.is/library/sida/haf-ogvatn/DE_ofl_2020_02_Grunnvatnshlot%20m%c3%b6gulega%20undir%20%c3%a1lagi.pdf

endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Gunnar Kristinn Ottósson

From: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: mánudagur, 27. september 2021 18:05
To: Skipulag USK; Gunnar Kristinn Ottósson
Subject: Re: FW: Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi ósk um umsögn

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202109-0014 (SS, LA).

Vísað er í bréf dags. 10. september 2021 frá skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og gerð nýs deiliskipulags fyrir stækkun iðnaðarsvæðis 15a-fiskeldi.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki lögbundinn umsagnaraðili fyrir skipulags- og matslýsingar skipulagsáætlana en telur þó mikilvægt að koma með eftirfarandi ábendingar um skipulags- og matslýsinguna og þau áform sem þar eru til umfjöllunar.

Áform um stækkun iðnaðarsvæðis vegna fiskeldis á Reykjanesi bætast við þá umsvifamiklu orkunýtingu og uppbyggingu iðnaðar sem þegar er til staðar á svæði sem metið hefur verið með hátt verndargildi og er náttúruverndarsvæði. Eins og fram kemur í skipulags- og matslýsingunni er iðnaðarsvæðið staðsett innan afmörkunarsvæðis á gildandi náttúruinjaskrá, nr. 106: Reykjanes – Eldvörp – Hafnarberg. Smátt og smátt hefur verið gengið meir og meir á þetta svæði með uppbyggingu og framkvæmdum einkum tengt orkunýtingu en einnig öðrum iðnaði, ferðaþjónustu o.fl. með tilheyrandi raski á jarðminjum, gróðurfari og landslagi. Horfa þarf heildstætt á náttúruinjasvæðið og tryggja að með skipulagi frekari iðnaðar á svæðinu sé ekki sé verið að rýra verðmæti þeirra náttúruinja sem þar eru, þá sérstaklega jarðminja.

Svæðið hefur hátt verndargildi á heimsvísu því hér gengur Norður-Atlantshafshryggurinn á land og hrauna- og gígasvæði njóta víðast hvar sérstakrar verndar skv. 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það á meðal annars við um Stampahraun og Stampagigaröðina sem eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis (bæði norður- og suðurvalkostir). Rannsóknargildi svæðisins er einnig mikið og ítarlegar jarðfræðirannsóknir hafa verið gerðar á svæðinu. Vegna sjávarrofs gefast t.d. einstök tækifæri á þessum stað til að skoða innri gerð gjallgíga, hraunlaga og gjóskulaga.

Í Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 eru skýr ákvæði um að sérstæðar jarðmyndanir á heimsælikvarða beri að vernda. Í aðalskipulagi Reykjanesbæjar segir einnig að forðast skuli að raska hverfisvernduðum svæðum en hverfisvernd er í gildi utan við skilgreint iðnaðarsvæði m.a. á mögulegum stækkunarsvæðum. Mikilvægt er að unnið sé eftir þessum markmiðum að mati Náttúrufræðistofnunar og æskilegast væri að leggja mat á hversu mikla uppbyggingu iðnaðar og tengdrar starfsemi/mannvirkja svæðið í heild þolir, áður en verndargildi þess rýrist óásættanlega mikið sem og einstakar jarðminjar.

Stefnt er að því að fjalla um helstu umhverfispætti í umhverfismati aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins og eru þeir tilgreindir í töflu 4-1 í skipulags- og matslýsingunni. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við val á umhverfispáttum en leggur til að bætt sé við eftirfarandi umfjöllunatriðum er varða viðmið og matsspurningar:

- Í lið 1.1. um jarðminjar að lagt sé mat á áhrif á heildarmynd jarðminja á svæðinu í ljósi þess að þar eru jarðmyndanir sem ná yfir stór svæði eins og hraunbreiður.
- Í lið 1.2 um vatnafar að lagt sé mat á áhrif á grunnvatn (í ljósi vatnstökuáforma tengt fiskeldi).
- Í lið 3.4 um náttúruvæ mætti bæta við áhrifum vegna jarðskjálfta og eldvirkni.

- Í lið 4.2 um verndarsvæði mætti bæta við umfjöllun um 61. grein náttúruverndarlaga um sérstaka verndun en nútímahraun og gígar falla undir lagaákvæðið. Einnig má minnst tillögu Náttúrufræðistofnunar um B-hluta náttúruminjaskrár en eitt af tilnefndu svæðunum „Öngulbrjótsnef“ skarast á við skipulagssvæðið en það er tilnefnt vegna fjöruvistgerða. Sjá hér: [Öngulbrjótsnef | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](https://www.ni.is)

Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnunnar eins og við á.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: Gunnar Kristinn Ottósson <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>

Sent: Friday, September 10, 2021 2:35 PM

To: Skipulag USK <skipulag@reykjanesbaer.is>

Subject: Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi ósk um umsögn

Góðan dag

Óskað er umsagnar vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar og nýju deiliskipulagi vegna fiskeldis á Reykjanesi

Kynnt er Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030 – breyting. Deiliskipulag vegna fiskeldis á Reykjanesi. Stækkun iðnaðarsvæðis I5a – fiskeldi. Skipulags- og matslýsing.

Áform eru um uppbyggingu nýrrar fiskeldisstöðvar á svæðinu vestan við Reykjanesvirkjun í Auðlindagarði HS Orku, sem nýtt getur affallsstrauma orkuversins og hagstæðar aðstæður innan Auðlindagarðsins, nánar tiltekið aðgengi að rafmagni, jarðhita og ylsjó

sem rennur nú að hluta ónýttur til sjávar.

Umfang fyrirhugaðs fiskeldisins eru áætlað allt að 40.000 tonna framleiðsla á ári og að landþörf starfseminnar sé um 20 ha. Áætlað byggingarmagn er um 21.000 m² fyrir fiskeldisstöð auk fiskeldiskerja. Um er að ræða framkvæmdir sem falla undir lög um mat á

umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umsagnarfrestur er til 27. september

Skriflegar athugasemdir berist skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ. Að öðrum kosti má senda athugasemdir með tölvupósti á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is Nánari upplýsingar um málið eru veittar á skrifstofu skipulagsfulltrúa Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ.

Hlekkur: https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2021/275/10.-gardur-fiskeldi_lysing_210830.pdf

Kveðja

Gunnar Kr Ottosson arkitekt

Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ

Netfang / e-mail gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is

Sími /telephone +354 421 6700

Veffang reykjanesbaer.is



REYKJANESBÆR

reykjanesbaer.is